

Eyjólfur Einarsson sýnir í Norræna húsinu

Eyjólfur Einarsson opnar málverkasýningu í Norræna húsinu á laugardag kl. 14. Þar sýnir hann þrjátíu olumyndir og sextán vatnslitamyndir. Eyjólfur stundaði nám í Listakademíunni í Kaupmannahöfn; þetta er fjórða einkasýning hans í Reykjavík. Hann hefur einnig sýnt með FIM. Myndirnar á sýningunni er málaðar á síðastliðnum tveim til þrem árum. —KP.



„SKEMMTILEGT AÐ LEIKA UM TENGLUM VIÐ ÁHÓRFENDUM“

segir Herdís Þorvaldsdóttir, en sýningar á Fröken Margrét

„Mér finnst mjög skemmtilegt að leika í nánnum tengslum við áhorfendur eins og á Litla sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Í stóru leikhúsi er leikarinn einangraður frá áhorfendum, því meir sem leikhúsið er stærra“, sagði Herdís


Þorvaldsdóttir leikkona, en hún fer með hlutverk fröken Margrétar, kennslukonunnar, sem talar yfir hausaátunum á nemendum sínum í hálfra aðra klukkustund á Litla sviðinu.

Sýningar á leikriti brasilíska



Vortónleikar Tónmenntaskólans

Krakkar úr Tónmenntaskóla Reykjavíkur halda tónleika í Austurbæjarbíó á laugardag kl. 14. Hljómsveit skólans leikur og nemendur úr flestum deildum koma fram og leika einleik og samleik. Frumflutt verður verkið Orðagaman, eftir Jón Asgeirsson tónskáld, af kór og hljómsveit skólans. Verkið er samið af tilefni 25 ára afmælis skólans.



Ragnar Páll sýnir að Kjarvalsstöðum

Ragnar Páll listmálari opnar sýningu á verkum sínum á laugardag að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hann 78 myndir, olíu, vatnslita og pastelmýndir. Elsta myndin á sýningunni er frá því í vor 1960, en sú nýjasta frá því í vor. Stór hluti myndanna á sýningunni er í einkaeign.

Þetta er niunda meiriháttar einkasýning Ragnars Páls. Hann sýndi að Kjarvalsstöðum árið 1975, en síðasta sýning hans var í Bogasalnum í fyrra. Ragnar Páll

hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum t.d. sýndi hann í Carlotenberg í Kaupmannahöfn á sýningu sem bar nafnið Íslandsk figuratívur, en þar voru myndir eftir Kjarval, Pétur Fríðrik, Asgeir Bjarnþórsson, Veturlíða o.fl.

A sýningunni að Kjarvalsstöðum eru aðallega landslagsmyndir, sem eru t.d. frá Snæfellsnesi, Mývatni og Austfjörðum. Einnig er þar blómamyndir og portret. —KP.

Nægur snjór í Bláfjöllum

Þó sumarið sé komið, er ekki þar með sagt að Vetur konungur hafi tekið með sér allan skíðasnjó. Skíðalyftur eru í gangi um helgina í Bláfjöllum, en þar er ennþá nægur snjór. Einnig er upplagt að leggja upp á gönguskíðum, en þessi árstími er sá skemmtilegasti fyrir göngumenn.



19092 SÍMAR 19168

Austin Mini '75
ekinn 36 þús. Verð kr. 800 þús.

Fiat 127 '74
ekinn 22 þús. km. Verð kr. 800 þús.
Datsun 1200 '72

ekinn 68 þús. km. Verð kr. 900 þús.

Datsyn 120Y '76

ekinn 19 þús. km. Verð kr. 2,4 millj.

Datsun 120Y '77

ekinn 23 þús. km. Verð kr. 2.450 þús.

Mazda 616 '73

ekinn 64 þús. km. Verð kr. 1.300 þús.

Mazda 616 '74

ekinn 74 þús. km. Verð kr. 1.250 þús.

Mazda 616 '76

ekinn 29 þús. km. Verð kr. 2,6 millj.

Toyota 1600 sendibíll '77

ekinn 20 þús. km. Verð kr. 2,9 millj. 7 mán.

gamall bíll, með stöðvarleyfi.

Honda '77

ekinn 27. þús. km. Verð kr. 2,3 millj.

Citroen DS '73

Verð kr. 1.350 þús.

Ch. Nova '72

ekinn 70 þús. mílur. Verð kr. 1.400 þús.

Dodge Dart '72,

ekinn 120 þús. km. Verð kr. 1.450 þús.

M. Benz 230 '70,

ekinn 75 þús. km. Verð kr. 2,2 millj.

M. Benz 240 D '74,

ekinn 185 þús. km. Verð kr. 3 millj. Gullfallegrur bíll.

Opið alla daga til kl. 7, nema sunnudaga. Opið í hádeginu.

LEIKHÚS

Þjóðleikhúsið
Óskubuska í dag kl. 15 og á laugardag og sunnudag kl. 15.
Káta ekkjan í kvöld kl. 20 og á laugardag kl. 20.
Laugardagur, sunnudagur, mánudagur: sunnudag kl. 20.

Leikfélag Reykjavíkur
Skáld-Rósa í kvöld kl. 20.30.
Skjaldhamrar laugardag kl. 20.30
Saumastofan sunnudag kl. 20.30
Blessað Barnalán: miðnætursýning í Austurbæjarbíói laugardag kl. 23.30.

Nemendaleikhúsið
Slúðrið eftir Flosa Ólafsson sýning í kvöld kl. 20.30 í Lindarbæ, sími 21971.

Galleri Sám
Birgir Andrésson, Kees Visser, Kristinn Harðarson og Ólafur Lárusson sýna í Galleri Sum. Sýningin verður opnuð laugardag kl. 16 og stendur til 8. maí. Opið daglega frá kl. 16 til 20. Sýningin á laugardag hefst með Atferlisverki, sem stendur í tvo tíma.

Tónlistartélag Kópavogs.
Rögvaldur Sigurjónsson pianóleikari heldur tónleika í sal Tónlistarskólans að Hamraborg 17 á sunnudag kl. 17. Hann vigir nýjan Steinwayflygil, sem Tónlistartélag Kópavogs hefur eignast.

Frægustu málara heims Sýning verður opnuð á eftir-

SÝNINGAR

prentunum á verkum frægustu málara heims að Hallveigarstöðum á laugardag. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14 til 22 og stendur til 7. maí. Þetta er sölusýning.

Útivistarferðir
Farið verður í Húsafell og í Þórsmörk í kvöld kl. 20. Komið verður aftur á mánudag.

A laugardag verður gönguferð á Hellisheiði. Lagt af stað kl. 13. Á sunnudag: Lagt af stað kl. 10 í gönguferð um Vatnsléysuströnd.

Klukkan 13 verður lagt upp í fyrstu fuglaskoðunarferð sumarsins. Mánudagur: Gönguferð í Bláfjöll. Lagt af stað kl. 10.30. Ferð um strönd Flóans kl. 13.